

*** Tollflokkun**

Úrskurður 6/2008

Kærð er endurálagning, vegna innflutnings plasmaskjáa sem fluttir voru inn sem tölvuskjái. Tollstjóri krefst þess að úrskurðurinn verði staðfestur. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Með faxbréfi, dags. 24. október 2006 kærir L f.h. A, úrskurð tollstjóra, dags. 24. ágúst 2006, en í honum eru endurákvörðuð aðflutningsgjöld af innflutningi plasmaskjáa. Endurákvörðunin tekur til alls sjö vörusendinga. Kærandi óskaði eftir fresti til 21. nóvember 2006 til að skila inn fullnaðargögnum. Ríkistollanefnd varð við þeirri beiðni kæranda. Fullnaðargögnum var skilað til nefndarinnar 21. nóvember 2006. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra frá 24. ágúst 2006, verði felldur úr gildi og tollflokkun kæranda verði tekin til greina.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi dags. 2. febrúar hafi fyrirtækinu verið gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga:

E LAG 18 04 5 NL RTM V187	E LAG 30 05 5 NL RTM W410
E SEL 01 08 5 NL RTM W419	E SEL 10 10 5 NL RTM W413
E LAG 03 10 5 NL RTM W412	V 104 13 08 5 DK CPH V983

Fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins var gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Umboðsmaður fyrirtækisins óskaði eftir fresti til að skila greinargerð um málið og var hann veittur. Frestur var í fyrstu veittur til 17. mars s.l. en þann 15. mars var fresturinn framlengdur til 31. mars s.l. að ósk fyrirtækisins.

Með bréfi, dags. 31.03.2006 lagði umboðsmaður kæranda fram andmæli ásamt bréfi um lýsingu á vörunni frá framleiðandanum Medion. Þar kemur m.a. fram að innflytjandi telji að litaskjárnir skuli flokkast í tollskránnúmer 8528.2101. Vísar hann til túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá máli sínu til stuðnings. Þá segir að undirliðirnir 8528.1209 og 8528.2101 séu jafnsettir og skulu því bornir saman. Plasmaskjárnir sem (fyrirtækið) flutti inn í umræddum sendingum séu eingöngu myndskjái og með því sé átt við að ekki fylgja skjánum viðtæki fyrir útvarpstíðni en sá áskilnaður sé gerður í undirlið 8528.1209 en ekki í undirlið 8528.2101. Samkvæmt upplýsingum frá Medion, framleiðendum tækjanna, séu plasmaskjárnir gerðir fyrir 15Mhz bandvídd eða meira, bæði sem myndskjái (videomonitors) og sem tölvuskjái (PC monitors). Sem myndskjái geti plasmaskjárnir tekið á móti "video signals" í gegnum "video inputs" eins og YPbPr, CVBS og S-Video með bandvídd sem sé meiri en 30 Mhz. Plasmaskjárnir séu tengjanlegir við gagnavinnsluvélar og einnig við „multimedia devices“, tölvur og fartölvur. Innflytjandi telji því að plasmaskjárnir falli alfarið í undirlið 8528.2101 því þeir séu gerðir fyrir 15Mhz bandvídd eða meira, séu án viðtækja fyrir útvarpstíðni og unnt sé að tengja þá við gagnavinnsluvélar.

Innflytjandi vitnar til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 8/2005 og telur að niðurstöður hans styrki þessa niðurstöðu.

Loks er farið fram á að tollstjóri falli frá fyrirhugaðri endurákvörðun og samþykki að plasmaskjárnir flokkist í tollskránnúmer 8528.2101.

Tollstjóri tilkynnti innflytjanda með bréfi dags. 19.04. 2006 að hann hafni kröfu fyrirtækisins um að falla frá fyrirhugaðri endurákvörðun og heldur áður gerðum athugasemdum sínum til streitu en þær eru eftirfarandi: Að umrædd vara plasmaskjái skuli samtollast með móttökutæki fyrir sjónvarp. Þá niðurstöðu byggir tollstjóri á túlkunarreglum 1, 2a og 6 við tollskrá. Í túlkunarreglu 1 segir að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag

vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu 2a segir að þegar talað er um tiltekna vörur í vörulið taki það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líti út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum. Í túlkunarreglu 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Einnig vísar tollstjóri í athugasemd 3 við flokk XVI tollskrár en þar segir “að leiði ekki annað af orðalagi flokkist vélasamstæður, settar saman í eina heild úr tveimur eða fleiri vélum og aðrar vélar hannaðar til að framkvæma tvö eða fleiri verkatriði, saman eða sér, eins og um væri að ræða þann vélarhluta eða þá vél sem gegnir höfuðhlutverkinu.” Einnig er vísað til athugasemdar 4 við flokk XVI en þar segir að sé vél (þar með taldar samsettar vélar) gerð úr sjálfstæðum hlutum (hvort sem þeir eru aðskildir eða tengdir með pípum, tengslum, rafmagnsköplum eða öðrum búnaði), sem ætlað er sameiginlega að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla taka til, skuli hún í heild flokkast undir þann vörulið sem höfðar til þess verkatriðis. Að lokum er vitnað til athugasemdar 5 við flokk XVI en þar segir að sem vél í athugasemdunum við kaflann teljast hvers konar vélar; vélbúnaður, áhöld, tækjabúnaður eða tæki sem getið er í vöruliðum 84. eða 85. kafla.

Þá segir í kröfugerð tollstjóra að í ofangreindum sendingum (alls 6) sé ávallt um að ræða sama magn af skjám annars vegar og móttökutækjum fyrir sjónvörp hins vegar. Í ljósi alls framangreinds er það mat tollstjóra að í ofangreindum sendingum sé um að ræða *sjónvörp*, sem skuli samtolla í tollskrárnúmer 8528.1209 þrátt fyrir að búið sé að taka móttakarann (tuner) úr skjánum sbr. túlkunarreglu 2a, um ófullgerðar vörur eða vöru sem eitthvað vantar á, við tollskrá.

Hvað varðar úrskurð ríkistollanefndar í máli nr. 8/2005 telur tollstjóri að ekki sé um að ræða eins eða sambærileg tæki og í máli þessu og telur því að niðurstaða úrskurðarins um tollflokkun eigi ekki við í þessu máli.

Með fyrrnefndu bréfi embættisins dags. 19.04. 2006 var fyrirtækinu að nýju gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda, þá að teknu tilliti til þeirra andmæla sem fyrirtækið hafði lagt fram.

Fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins var að nýju gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Frestur var veittur til 04. maí s.l. en með tölvupósti dags. 28. apríl var fresturinn framlengdur til 18. maí 2006 að ósk fyrirtækisins. Þá var fresturinn framlengdur að nýju símleiðis, að ósk fyrirtækisins, til 9. júní s.l. Með bréfi dags. 7. júní 2006, undirritað af lögmanni fyrirtækisins voru öðru sinni lögð fram andmæli við fyrirhuguðum úrskurði embættisins um endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Eftirfarandi andmæli komu fram í síðastnefndu bréfi fyrirtækisins:

(1.) Ósamsettar vörur

(1.1) Túlkunarregla 2a

Samkvæmt skýringum Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO) við túlkunarreglurnar segir að fyrst beri að líta til orðalags vöruliða við tilheyrandi flokka eða kafla áður en komi að tollflokkun vöru. Túlkunarreglum sem á eftir koma verði aðeins beitt að þær brjóti ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda. Þær túlkunarreglur eru til nánari leiðbeiningar um tollflokkunina þegar 1. reglu sleppi. Af túlkunarreglu 2a leiði að vörur sem flokkast í ólíka vöruliði, á grundvelli 1. túlkunarreglunnar, þegar þær eru virtar einar sér, verði aðeins flokkaðar saman í vörulið ef skilyrði þeirrar reglu séu uppfyllt.

Í 2. máls. túlkunarreglu 2a segir að þegar talað sé um tiltekna vörur í vörulið taki það til þessara vara fullgerðra eða heilla þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum. Í skýringum á túlkunarreglunni segir að „vörum sem er framvísað ósamsettum eða sundurteknum“, merki vörur þar sem setja eigi saman hluta, annað hvort með festingum (skrúfum, boltum, róm o.s.frv.) eða með því að hnoða saman eða logsjóða svo dæmi sé tekið að því tilskildu að einungis sé um aðgerðir til samsetningar að ræða. Ekkert tillit sé tekið til þess hversu flókin samsetningaraðferðin sé að því er þetta varði. Þó skuli hlutarnir ekki háðir frekari vinnslu til þess að varan geti talist fullgerð.

Sú aðgerð sem (fyrirtækið) hefur framkvæmt á plasmaskjám þeim sem (það) hefur flutt inn til að (það) geti selt plasmaskjónvörp er töluvert meiri en sú sem skýringar Alþjóðatollastofnunarinnar gefa til kynna. Aðgerð (fyrirtækisins) felur í sér hvort tveggja samsetningu og tengingu rafkapla og stillingu hugbúnaðar. Til að byrja með er baklið plasmaskjásins skrúfuð laus. Eftir það er tunerinn komið fyrir inn í skjánum og þar er hann tengdur við móðurborð sjónvarpsins með kapli. Í einhverjum tilfellum þurfti að lóða saman kapal við móðurborð tækisins eftir að honum var stungið í tunerinn. Því næst var tækið sett saman að nýju og það ræst og stillingar yfirfarnar gagnvart landsvæði. Við verulegan hluta tækja þurfti að endurnýja hugbúnað tækjanna til að full virkni fengist fram, sér í lagi öll þau tæki sem hægt var að nýta möguleikann "mynd í mynd". Var það gert með því að tengja fartölvu með nýjum hugbúnaði við plasmataekið sem síðan var uppfært með sértilgerðum uppfærsluhugbúnaði. Þegar upp komu vandkvæði við stillingar á tækjum án "mynd í mynd" möguleika, var hugbúnaður einnig uppfærður til að tryggja fulla og eðlilega virkni tækisins. Það er því mat (fyrirtækisins) að aðgerðin, að gera plasmaskjá að sjónvarpi, sé viðameiri en skýringar Alþjóðatollastofnunarinnar gefi til kynna og af því verði ráðið að tuner og plasmaskjái séu hvor um sig einstök vara þótt þeir hafi verið í einhverjum tilvikum fluttir inn í sömu sendingu.

Þá segir í bréfi innflytjanda að túlkunarregla 2a verði ekki skilin öðruvísi en að það sé skilyrði fyrir beitingu hennar að um sé að ræða vörur í sömu sendingu. Tollstjóri haldi fram að í umræddum sendingum sé ávallt um sama magn að ræða af skjám annars vegar og tunerum hins vegar. Verði ekki dregin önnur ályktun af þessari röksemd tollstjóra en að sama magn verði að vera í sömu sendingu. Við skoðun aðflutningssskýrsla vegna þessara sendinga komi eftirfarandi í ljós:

Í sendingu E LAG 18 04 5 NL RTM V187 eru fluttir inn 150 tunerar.

Í sendingu E SEL 01 08 5 NL RTM W419 eru fluttir inn 100 tunerar og 100 plasmaskjái.

Í sendingu E SEL 10 10 5 NL RTM W413 eru fluttir inn 200 tunerar og 200 plasmaskjái.

Í sendingu E LAG 03 10 5 NL RTM W412 eru fluttir inn 100 skjái og 100 myndbandstæki.

Í sendingu E LAG 30 05 5 NL RTM W410 eru fluttir inn 75 tunerar og 75 plasmaskjái.

Í sendingu V 104 13 08 5 DK CPH V983 er fluttur inn 1 plasmaskjár á tollskrárnúmeri 8528.1201 en ekki 8528.2101 eins og tollstjóri tiltekur.

Það er því ljóst að fallist tollstjóri ekki á þá röksemd (fyrirtækisins) að túlkunarregla 2a eigi ekki við í tilviki (fyrirtækisins) þá getur sú túlkunarregla ekki verið látin taka til sendingar E LAG 18 04 5 NL RTM V187 þar sem einungis eru fluttir inn 150 tunerar eða til sendingar V 104 13 08 5 DK CPH V983 en þar var einungis fluttur inn einn skjár. Í þessum sendingum eru ekki uppfyllt skilyrði þess að samtollast með vöru á sama sendingarnúmeri þar sem ekki er til staðar önnur vara sem hægt væri að samtolla með.

Þá skal það tekið fram að ekki er rétt sú fullyrðing tollstjóra er fram kemur hjá honum um að búið sé að taka tunerinn úr skjánum, sbr.,...,sé um að ræða *sjónvarp*, sem samtolla skuli í tollskrárnúmer 8528.1209 þrátt fyrir að búið sé að taka móttakarann (tuner) úr skjánum..."Tunerinn kemur sérstaklega til landsins og hefur aldrei verið hluti af skjánum.

Þar sem (fyrirtækið) telur að túlkunarregla 2a eigi ekki við um ofangreindar sendingar þá telur það að túlkunarregla 6 eigi við um umræddar sendingar.

Líkt og tollstjóra var gerð grein fyrir í bréfinu frá 31. mars telur (fyrirtækið) að litaskjárnir skuli flokkast í tollskrárnúmer 8528.2101 sem er samkvæmt tollskrá: Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpstæki eða hljóð- eða myndbandsupptökutæki eða- flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors): Mynd-skjái- Fyrir lit:--Skjái (videomonitors) gerðir fyrir 15Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar.

Í túlkunarreglu 6 segir að jafnsettir undirliðir skuli bornir saman og að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði. Undirliðir 8528.1209 og 8528.2101 eru jafnsettir og skulu því bornir saman. Plasmaskjárnir sem (fyrirtækið) flutti inn í umræddum sendingum eru eingöngu myndskjái og með því er átt við að ekki fylgja skjánum viðtæki fyrir útvarpstíðni en sá áskilnaður er gerður í undirlið 8528.1209 en ekki í undirlið 8528.2101. Samkvæmt upplýsingum frá Medion sbr. meðfylgjandi fylgiskjal, eru plasmaskjárnir gerðir fyrir 15Mhz bandvídd eða meira bæði sem myndskjái (videomonitors) og sem tölvuskjái (PC monitors). Sem myndskjái geta plasmaskjárnir tekið á móti "video signals" í gegnum "video inputs" eins og YpbPr, CVBS og S-Video með bandvídd sem er meiri en 30Mhz.

Plasmaskjárnir eru tengjanlegir við gagnavinnsluvélar og einnig við „multimedia devices“, tölvur og fartölvur. Plasmaskjárnir falla því alfarið í undirlíð 8528.2101 því þeir eru gerðir fyrir 15Mhz bandvidd eða meira, eru án viðtækja fyrir útvarpstíðni og er unnt að tengja við gagnavinnsluvélar.

Fyrirtækið telur það því engum vafa undirorpið að skjárnir skuli flokkast í tollskrárnúmer 8528.2101 enda falli þeir að öllu leyti undir þá vörulýsingu.

Þá segir að fyrirtækið selji hvort tveggja plasmaskjái og plasmajónvörp. Ef kaupandi óski eftir að kaupa plasmaskjá sem hann ætlar síðan að nota sem tölvuskjá sé það auðsótt mál. Tollstjóra ætti að vera kunnugir plasmaskjárnir sem finnast í bönkum, á hótélum, í fundarsölum og á fleiri stöðum þar sem þeir þjóna einungis hlutverki skjásins. Þeir séu þá í hlutverki tölvuskjás. Sem dæmi megi nefna að í anddyri hótelsins 1919 sé plasmaskjárnir sem notaður er fyrir auglýsingu um hótelið. Væntanlega sé hann þar tengdur við tölvu sem rullar sömu auglýsingunni í gegn aftur og aftur. Einnig hafa bankarnir nýtt sér plasmaskjái, s.s. Glitnir í Kringlunni þar sem í gegn rennur gengi dagsins og fleiri upplýsingar frá bankanum. Ekki verður betur séð en að við þessi skilyrði þjóni skjárinn hlutverki tölvuskjás. Ef tollstjóri heldur til streitu tollflokku sinni á plasmaskjárninum í tollflokk 8528.1209 verði ekki betur séð en að í slíkum tilvikum sé um ofálögur gjalda að ræða. Fyrirtækið viti ekki alltaf fyrirfram hvaða vöru kaupandinn óskar eftir að kaupa.

Fram kemur að fyrirtækið hafi verið heiðarlegt og gefið upp nákvæmlega hvaða vöru það sé að flytja inn hverju sinni líkt og lög gera ráð fyrir. Á þeim markaði sem það starfi sé afar hörð samkeppni og mikið verðstríð. Ef samkeppnisaðilar nái forskoti af því að þeir hafi ekki í sömu sendingu flutt inn tunera og plasmaskjái heldur í sitt hvorri sendingunni en að mestu leyti þó sama magnið leiðir bara til þess að það verður sú framkvæmd sem verður ofan á við innflutning þessara tækja. Að öðrum kosti sitja samkeppnisaðilar ekki við sama borð þegar kemur að álagningu opinberra gjalda sem hefur aftur áhrif á verðið til neytandans.

Með vísan til ofangreinds er farið fram á að tollstjóri falli frá fyrirhugaðri endurákvörðun og samþykki að plasmaskjárnir flokkist í tollskrárnúmer 8528.2101.

Tollstjóri ítrekaði við innflytjanda að með bréfi embættis tollstjórans í Reykjavík, dags. 31.07. s.l. var fyrirtækinu að nýju gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda sömu sendinga. Var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins að nýju gefinn kostur að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Engin frekari mótmæli hafa borist. Með sama bréfi hafnaði embætti tollstjórans í Reykjavík að nýju kröfu fyrirtækisins um að falla frá fyrirhugaðri endurákvörðun og hélt áður gerðum athugasemdum sínum til streitu með eftirfarandi rökstuðningi:

Að mati tollstjóra skulu umræddar vörur, plasmaskjárnir og móttökutæki fyrir sjónvarp (tuner), samtollast. Sú niðurstaða embættisins er byggð á túlkunarreglum 1, 2a og 6 við tollskrá. Í túlkunarreglu 1 segir að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokku byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi við bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu 2a segir að þegar talað er um tiltekna vörur í vöruliði taki það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líti út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum. Í túlkunarreglu 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirlíði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirlíðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirlíði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirlíðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Fyrirtækið fullyrðir að sú aðgerð að gera plasmaskjá að sjónvarpi, sé viðameiri en skýringar Alþjóðastofnunarinnar gefi til kynna og af því verði ráðið að tuner (móttökutæki) og plasmaskjárnir séu hvorir um sig einstök vara þótt þeir hafi verið í einhverjum tilvikum fluttar inn í sömu sendingu. Að mati embættisins hefur fyrrgreind lýsing fyrirtækisins á því hvernig skjár og móttökutæki eru sett saman ekki gildi af þeim sökum að hún er ekki studd gögnum sem og því sem fram kemur í skýringarbók Alþjóðastofnunarinnar EN/AS 5. February 1998, Rule 2 (a), liður (VII):

„No account is to be taken in that regard of the complexity of the assembly method“. Samkvæmt þessu skiptir ekki máli hversu flókin aðgerð er viðhöfð við að setja hluti saman þegar kemur að beitingu túlkunarreglu 2a við tollskrá.

Um fjölda plasmaskjáa og móttökutækja í hverri sendingu eru niðurstöður embættisins eftirfarandi í ljósi fyrirliggjandi gagna:

E LAG 18 04 5 NL RTM V187 – rangt er farið með innihald sendingarinnar af hálfu fyrirtækisins sbr. framangreint. Samkvæmt vörureikningum nr. 91511928 og 91511925 er um að ræða innflutning á 75 skjám og 75 móttökutækjum.

E SEL 01 08 5 NL RTM W419 – um er að ræða innflutning á 100 skjám og 100 móttökutækjum.

E LAG 01 08 5 NL RTM W412 – rangt er farið með innihald sendingarinnar af hálfu fyrirtækisins sbr. framangreint. Samkvæmt vörureikningum nr. 91781185 og 91781189 er um að ræða innflutning á 100 skjám og 100 móttökutækjum.

E SEL 10 10 5 NL RTM W413 – um er að ræða innflutning á 200 skjám og 200 móttökutækjum.

E LAG 30 05 5 NL RTM W410 – um er að ræða innflutning á 75 skjám og 75 móttökutækjum.

V 104 13 08 5 DK CPH V983 – Í bréfi embættisins dags. 19.04. s.l. var fyrir mistök tilgreint að fyrirtækið hefði tollflokkað vöru á umræddu sendinganúmeri í tollskrárnúmer 8528.2101. Það leiðréttist hér með að fyrirtækið tollflokkaði vöru á umræddu sendingarnúmeri í tollskrárflokk 8528.1201 en ekki 8528.2101. Af hálfu fyrirtækisins var lagður fram proforma vörureikningur. Útflutningsskýrsla er að mati embættisins ófullnægjandi þar sem ekkert serialnúmer (raðnúmer) er tilgreint þar til þess að hægt sé að staðfesta að sama tæki og sent var út hafi komið til baka. Vörureikningur frá FONA nr. 485110 tilgreinir Bytteapparat. Af þeim reikningi má draga þá ályktun að annað tæki hafi komið til baka en það sem sent var út.

Íslenska tollskráin hefur lagagildi hér á landi, sbr. 4. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, jafnframt því sem hún er hluti af alþjóðasamningum sem Ísland er skuldbundið að þjóðarrétti. Tollflokkun vöru við innflutning er því lögbundin og um hana gilda túlkunarreglur tollskrár. Undirlíðir 8528.1209 og 8528.2101 eru ekki jafnsettir og verða því ekki bornir saman. Niðurstöður embættisins um ranga tollflokkun fyrirtækisins sem fram koma í bréfi dags. 19.04. s.l. eru byggðar á túlkunarreglum 1, 2a og 6 við tollskrá.

Í ljósi alls þessa er það niðurstaða embættisins að tollflokka skuli vörur umræddra sendinga, að sendingu V 104 13 08 5 DK CPH V983 undanskilinni, eins og þær birtast við komu til landsins, nánar tiltekið skal beita túlkunarreglu 2a við tollskrá og samtolla skjái og móttökutæki eins og áður segir. Kröfu fyrirtækisins um að tollstjóri falli frá fyrirhugaðri endurákvörðun og samþykki að plasmaskjárnir flokkast í tollskrárnúmer 8528.2101 er því hafnað.

Dregur embættið hér með áður gerða athugasemd sína til baka vegna sendingar V 104 13 08 5 DK CPH V983 þess efnis að í sendingunni sé um að ræða innflutning á sama magni af skjám og móttökutækjum. Embættið heldur að öðru leyti áður gerðum athugasemdum sínum til streitu sem eru eftirfarandi:

E LAG 18 04 5 NL RTM V187

Að mati embættisins hefur fyrirtækið í sendingu E LAG 18 04 5 NL V187 ranglega tollflokkað PDP 42” MD35798 í tollskrárnúmer 8528.2101, sbr. lína 1 á aðflutningsskýrslu.

Tollskrárnúmer 8528.2101 er samkvæmt tollskrá: Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð – eða myndbandsupptökubúnaði eða – flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors): Myndskjái:-- Fyrir lit:--Skjái (videomonitors) gerðir fyrir 15Mhz bandvíd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar.

Að mati embættisins skal umrædd vara flokkast í tollskrárflokk 8528.1209 sem móttökutæki fyrir sjónvarp, þ.e. samtollast með vöru á sama sendingarnúmeri, nánar tiltekið Tuner fyrir MD35798, sbr. lína 2 á aðflutningsskýrslu. Tollskrárnúmer 8528.1209 er samkvæmt tollskrá: Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpstíðni eða hljóð – eða myndbandsupptökubúnaði eða – flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors): - Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð – eða myndbandsupptökubúnaði eða – flutningsbúnaði:-- Fyrir lit:-- Önnur. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1, 2a og 6 við tollskrá.

Munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum er sá að á tollskrárnúmeri 8528.2101 hvílir 0,15% gjald af eftirlitsskyldum rafföngum samkvæmt reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum, auk 24,5% virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Á tollskrárnúmeri 8528.1209 hvílir hins vegar 7,5% almennur tollur samkvæmt tollskrá, 0,15% gjald af eftirlitsskyldum rafföngum samkvæmt reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum, 25% vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1987 um vörugjald, með síðari breytingum, auk 24,5% virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Framangreind breyting leiðir því til hækkunar aðflutningsgjalda.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E LAG 18 04 5 NL RTM V187 er sem hér segir:

7,5% A – tollur	646.512,00	íkr.
25% Vörugjald	2.316.668,00	íkr.
24,5% Virðisaukaskattur	725.979,00	íkr.
Dráttarvextir til 23.08.2006	1.074.096,00	íkr.
Samtals	<u>4.763.255,00</u>	<u>íkr.</u>

E LAG 30 05 5 NL RTM W410

Að mati embættisins hefur fyrirtækið í sendingu E LAG 30 05 5 NL RTM W410 ranglega tollflokkað PDP 42" MD35798 í tollskrárnúmer 8528.2101, sbr. lína 2 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 8528.2101 vísast til framangreinds í kafla IV.

Að mati embættisins skal umrædd vara flokkast í tollskrárnúmer 8528.1209 sem móttökutæki fyrir sjónvarp, þ.e. samtollast með vöru á sama sendingarnúmeri, nánar tiltekið Tuner fyrir MD35798, sbr. lína 1 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 8528.1209 vísast til framangreinds í kafla IV. Niðurstöður tollflokunar þessar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1, 2a og 6 við tollskrá. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla IV.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E LAG 30 05 5 NL RTM W410 er sem hér segir:

7,5% A – tollur	654.544,00	íkr.
25% Vörugjald	2.345.448,00	íkr.
24,5% Virðisaukaskattur	734.998,00	íkr.
Dráttarvextir til 23.08.2006	897.441,00	íkr.
Samtals	4.632.431,00	íkr.

E SEL 01 08 5 NL RTM W419

Að mati embættisins hefur fyrirtækið í sendingu E SEL 01 08 5 NL RTM W419 ranglega tollflokkað PDP 42" MD35798 í tollskrárnúmer 8528.2101, sbr. lína 1 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 8528.2101 vísast til framangreinds í kafla IV.

Að mati embættisins skal umrædd vara flokkast í tollskrárflokk 8528.1209 sem móttökutæki fyrir sjónvarp, þ.e. samtollast með vöru á sama sendingarnúmeri, nánar tiltekið Tuner fyrir MD30120, sbr. lína 2 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 8528.1209, vísast til framangreinds í kafla IV. Niðurstöður tollskrárflokunar þessar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1, 2a og 6 við tollskrá. Um munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla IV.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E SEL 01 08 5 NL RTM W419 er sem hér segir:

7,5% A – tollur	212.709,00	íkr.
25% Vörugjald	762.209,00	íkr.
24,5% Virðisaukaskattur	238.855,00	íkr.
Dráttarvextir til 23.08.2006	254.410,00	íkr.
Samtals	1.468.183,00	íkr.

E SEL 10 10 5 NL RTM W413

Að mati embættisins hefur fyrirtækið í sendingu E SEL 10 10 5 NL RTM W413 ranglega tollflokkað 27" LCD TV Medion MD41527 – 24 – M- Nordic í tollskrárnúmer 8528.2101 sbr. lína 1 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 8528.2101 vísast til framangreinds í kafla IV.

Að mati embættisins skal umrædd vara flokkast í tollskrárflokk 8528.1209 sem móttökutæki fyrir sjónvarp, þ.e. samtollast með Tunerboard, sbr. lína 2 á aðflutningsskýrslu (önnur litasjónvörp). Um lýsingu á tollskrárnúmeri 8528.1209 vísast til framangreinds í kafla IV. Niðurstöður tollskrárflokunar þessar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1, 2a og 6 við tollskrá. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla IV.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E SEL 10 10 5 NL RTM W413 er sem hér segir:

7,5% A – tollur	600.692,00	íkr.
25% Vörugjald	2.152.481,00	íkr.
24,5% Virðisaukaskattur	674.528,00	íkr.
Dráttarvextir til 23.08.2006	617.432,00	íkr.
Samtals	4.045.133,00	íkr.

E LAG 03 10 5 NL RTM W412

Að mati embættisins hefur fyrirtækið í sendingu E LAG 03 10 5 NL RTM W412 ranglega tollflokkað bæði PDP 42" MD35798 í tollskrárnúmer 8528.2101, sbr. lína 1 á aðflutningsskýrslu og Tunerboard fyrir MD35798 – 42" í tollskrárnúmer 8529.9009, sbr. lína 2 á aðflutningsskýrslu.

Um lýsingu á tollskrárnúmeri 8528.2101 vísast til framangreinds í kafla IV. Tollskrárnúmer 8529.9009 er samkvæmt tollskrá: Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8525.8528: - Aðrir.— Annars.

Að mati embættisins skulu umræddar vörur flokkast í tollskrárflokk 8528.1209 sem móttökutæki fyrir sjónvarp, þ.e. samtollast. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 8528.1209, vísast til framangreinds í kafla IV. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1, 2a og 6 kafla við tollskrá. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum 8528.2101 og 8528.1209 vísast til framangreinds í kafla IV.

Munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum 8529.9009 og 8528.1209 er sá að á tollskrárnúmeri 8529.9009 hvílir 7,5% almennur tollur samkvæmt tollskrá, 25% vörugjald samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Á tollskrárnúmeri 8528.1209 hvílir hinsvegar 7,5% almennur tollur samkvæmt tollskrá, 0,15% gjalds af eftirlitsskyldum rafföngum samkvæmt reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum, auk 24,5% virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Framangreind breyting leiðir því til hækkunar aðflutningsgjalda.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E LAG 03 10 5 NL RTM W412 er sem hér segir:

Eftirlitsgjald	881,00	íkr.
7,5% A – tollur	705.292,00	íkr.
25% Vörugjald	2.527.296,00	íkr.
24,5% Virðisaukaskattur	792.200,00	íkr.
Dráttarvextir til 23.08.2006	745.433,00	íkr.
Samtals	<u>4.771.102,00</u>	<u>íkr.</u>

V 104 13 08 5 DK CPH V983

Að mati embættisins hefur fyrirtækið í sendingu V 104 13 08 5 DK CPH V983 ranglega tollflokkað 27” LCD TV MD41530 í tollskrárnúmer 8528.1201, sbr. lína 6 á aðflutningsskýrslu. Tollskrárnúmer 8528.1201 er samkvæmt tollskrá: Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð – eða myndbandsupptökubúnaði eða – flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors): Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð – eða myndbandsupptökubúnaði eða – flutningsbúnaði: -- Fyrir lit: -Fyrir sjónvarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

Rétt tollskrárflokkun, að mati embættisins er tollskrárnúmer 8528.1209, sbr. lýsing í kafla IV. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum er sá að á tollskrárnúmeri 8528.1201 hvílir 0,15% gjald af eftirlitsskyldum rafföngum samkvæmt reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum, auk 24,5% virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr.50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Á tollskrárnúmeri 8528.1209 hvílir hins vegar 7,5% almennur tollur samkvæmt tollskrá auk 0,15% gjalds af eftirlitsskyldum rafföngum samkvæmt reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum, auk 24,5% virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Framangreind breyting leiðir því til hækkunar aðflutningsgjalda.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer V 104 13 08 5 DK CPH V983 er sem hér segir:

7,5% A – tollur	7.577,00 íkr.
25% Vörugjald	27.151,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur	8.508,00 íkr.
Dráttarvextir	10.017,00 íkr.
Samtals	53.253,00 íkr.

Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. og 3. tl. 5, mgr. 99. gr tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl.5. mgr. 99. gr. er tollstjóra heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT – tollafgreiðslu er að ræða. Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum fer eftir ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga.

Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. tollalaga og 7. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, er eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum, sem gefnar hafa verið vegna tollmeðferðar á vöru og tollstjóri leyft afhendingu á, tollafgreiðsludagur varanna. Dráttarvextir reiknast frá eindaga til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Ofangreind gjöld (kr.16.134.528,00 íkr.) eru fallin í eindaga og ber að greiða þau ásamt dráttarvöxtum (kr. 3.598.829,00 íkr) til 23.08.2006, alls 19.733.357,00 íkr, sem fyrst og eigi síðar en 11.09. nk., ella má búast við að tollafgreiðsla til fyrirtækisins verði stöðvuð án frekari aðvörunar, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Í kæru lögmannsins kemur m.a. fram að á árinu 2005 hafi kærandi flutt inn plasmaskjá og tunera. Kærandi flokkaði plasmaskjá í tollnúmer 8528.2101 en tunera (móttakara) í tollflokk 8528.1209. Framleiðandinn “Medion” selur plasmaskjá og tuner hvort í sínu lagi og gerir aðskilda reikninga. Með bréfi, dags. 8. nóvember 2005, var kæranda gert að afhenda afrit, innan fimmtán daga, af innflutningsskjölum vegna eftirtalinna sendinga: E-DET-12-4-DK-AAR-V226, E-LAG-18-04-5-NL-RTM-V187, E-SEL-01-08-5-NL-RTM-W419, E-SEL-10-10-5-NL-RTM-W413, E-LAG-03-10-5-NL-RTM-W412, E-LAG-30—5-5-NL-RTM-W410, E-SEL-04-07-5-NL-RTM-W414, E-SEL-04-07-5-NL-RTM-

W414, V-104-13-08-5-DK-CPH-V983. Kærandi varð við þeirri beiðni og afhenti tollstjóra umbeðin gögn þann 23. nóvember 2005. Frá því að tollstjóri óskaði eftir upplýsingum um ofangreindar sendingar hefur kærandi tollflokkað umrædda vöru í það tollnúmer sem tollstjóri gerir kröfu um. Kærandi greiðir gjöldin með fyrirvara um leiðréttingu og telur hann niðurstöðu ríkistollanefndar í þessu máli fordæmisgefandi um þær sendingar sem hann hefur afgreitt frá því í desember 2005.

Þá segir í kærinni að með bréfi, dags. 2. mars 2006, hafi tollstjóri boðað endurákvörðun aðflutningsgjalda á umræddar sendingar, að undanskildum E-SEL-01-08-5-NL-RTM W419 og E-DET-12-10-4-DK-AAR-V226. Tollstjóri rökstyður boðun sína um endurákvörðun aðflutningsgjalda með vísan til þess að umrædd vara skuli flokkast í tollnúmer 8528.1209 sem móttökutæki fyrir sjónvarp og samtollast með vöru á sama sendingarnúmeri, þ.e. móttakari (Tuner), sbr. línu 2 á aðflutningsskýrslu. Tollskránnúmer 8528.1209 sé samkvæmt tollskrá: *Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpstæki eða hljóð – eða myndbandsupptökutæki eða – flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors): - Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða – flutningsbúnaði: -- Fyrir lit: --- Önnur.*

Kærandi óskaði eftir fresti til að skila inn andmælum og var honum veittur frestur til 17. mars 2006 og var sá frestur lengdur að beiðni kæranda til 31. mars 2006. Í bréfi til tollstjóra dags. 31. mars 2006 mótmælir kærandi fyrirhuguðum úrskurði. Tollstjóri sendi kæranda að nýju bréf, dags. 19. apríl 2006, sem er fyrirhugaður úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna sömu sendinga. Í bréfinu tilgreindi tollstjóri það mat embættisins að umræddir plasmaskjái skyldu samtollast með móttökutæki fyrir sjónvarp. Tollstjóri byggði þá niðurstöðu á túlkunarreglum 1, 2a og 6 við tollskrá og athugasemd 3 við flokk XVI tollskrár. Í bréfinu frá 19. apríl 2006 var kæranda gert að koma að sjónarmiðum sínum og gögnum innan 15 daga eða eigi síðar en 4. maí 2006. Kærandi fékk með tölvuskeyti, dags. 28. apríl 2006, frest til 18. maí 2006 og símleiðis þann 26. maí var veittur viðbótarfrestur til 9. júní 2006. Með bréfi, dags. 7. júní 2006 sendi kærandi inn andmælabréf gegn bréfi tollstjóra. Þann 24. ágúst sl. kvað tollstjóri upp úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda á þær sex sendingar sem um ræðir. Í úrskurði tollstjóra var kröfum kæranda hafnað.

Í málalíbúnaði sínum vísar kærandi til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en þar segir í 1. mgr. 11. gr. (jafnræðisreglu), að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Í lögskýringargögnum, þ.e. í frumvarpi því er varð að lögum, komi fram að í reglunni felist að mál sem séu sambærileg í lagalegu tilliti skuli hljóta sams konar úrlausn.

Þá vitnar kærandi til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 1/2006, dags. 26. júní 2006. Málavextir í þeim úrskurði voru sambærilegir þessu máli að mati kæranda. Málavextir í því máli voru að kærandi hafði flutt inn plasmaskjá í án tuner (móttakara) og flokkað tækin í tollskránnúmer 8528.2101. Tollstjóri úrskurðaði, dags. 9. desember 2005, að plasmaskjáirnir teldust sjónvörp og skyldu flokkast í tollskránnúmer 8528.1209. Kærandi lagði inn kæru til ríkistollanefndar. Kæran var send tollstjóra til umsagnar eins og lög mæla fyrir um. Tollstjóri skilaði umsögn sinni, dags. 5. maí 2006, en þar greindi tollstjóri frá því að hann hafi afturkallað úrskurð sinn frá 9. desember 2005. Í úrskurði ríkistollanefndar nr. 1/2006 verður því niðurstaðan sú að ríkistollanefnd telur að með því að tollstjóri hafi afturkallað hinn kærða úrskurð sé tollstjóri að fallast á aðalkröfu kæranda, þ.e. tollflokkun kæranda fái að gilda.

Þá segir í kærinni að á þeim tíma sem tollstjóri kvað upp úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 9. desember 2005, var mál kæranda í þessu máli þegar hafið, þ.e. kærandi í þessu máli hafði sent inn þau gögn sem tollstjóri hafði óskað eftir. Eftir að ríkistollanefnd sendir kæru kæranda í máli nr. 1/2006, til umsagnar tollstjóra, en áður en tollstjóri skilar umsögn sinni 5. maí 2006, hefur tollstjóri móttekið fyrra andmælabréf kæranda þessa máls, sbr. bréf til tollstjóra, dags. 31. mars 2006. Auk þess hafði tollstjóri þegar svarað því andmælabréfi, dags. 19. apríl 2006. Skömmu síðar ákveður tollstjóri að afturkalla úrskurð sinn frá 9. desember 2005 í sambærilegu máli. Tollstjóri móttækur síðara andmælabréf kæranda þessa máls, dags. 7. júní 2006 og kveður upp þann úrskurð sem nú er kærður til ríkistollanefndar, dags. 24. ágúst 2006 þrátt fyrir að ríkistollanefnd hafi í úrskurði sínum nr. 1/2006, metið afturköllun tollstjóra í því máli sem að fallist hafi verið á aðalkröfu kæranda.

Þegar stjórnvald hefur byggt ákvörðun á tilteknu sjónarmiði leiðir jafnræðisreglan til þess að leysa þer sambærilegt mál á grundvelli sömu sjónarmiða þegar slíkt mál kemur aftur til úrlausnar á grundvelli sömu réttarheimildar. Í úrskurði tollstjóra, dags. 9. desember 2005, telur hann tollflokkun plasmaskjáanna vera ranga og þeir eigi að flokkast í tollnúmer 8528.1209 sem sjónvörp. Byggir tollstjóri þessa niðurstöðu á túlkunarreglum tollskrár númer 1, 2a og 6 sem hafi lagagildi. Tollstjóri byggði endurákvörðun aðflutningsgjalda í þeim úrskurði (úrskurðardagur. 24. ágúst 2006) sem nú er

kærður til ríkistollanefndar á nákvæmlega sömu túlkunarreglum, þ.e. 1, 2a og 6, enda um sambærileg mál að ræða. Engu að síður afturkallar tollstjóri úrskurð sinn frá 9. desember 2005, á samkeppnisaðila kæranda þessa máls, en gerir engan reka að því að afturkalla fyrirhugað bréf um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 19. apríl 2006 til kæranda og þannig að fella niður málið líkt og gert var með afturköllunarúrskurði, dags. 5. maí 2006 á samkeppnisaðila kæranda þessa máls. Jafnræðisreglan leiðir almennt til þess að þegar sambærilegt mál kemur aftur til úrlausnar ber almennt að leysa úr því á grundvelli sömu sjónarmiða og með sömu áherslu og gert var við úrlausn hinna eldri mála. Með því móti er samræmis gætt í stjórnslu. Kærandi telur að tollstjóri hafi ekki gert það í þessu máli.

Með þeim mismunandi afgreiðslum tollstjóra á sambærilegum málum, líkt og að ofan greinir, hafi samkeppnisaðila kæranda þessa máls verið heimilað að flytja inn plasmaskjái í tollskrárnúmer 8528.2101 frá upphafi og þar með ekki þurft að greiða nema virðisaukaskatt 24,5% og gjald af eftirlitsskyldum rafföngum 0,15% á meðan að kærandi hafi orðið frá því í nóvember 2005 að flokka plasmaskjái í tollnúmer 8528.1209 og greiða aðflutningsgjöld með fyrirvara, sem hafa verið auk 24,5% virðisaukaskattsins og 0,15% gjalds af eftirlitsskyldum rafföngum, 7,5% tollur og 25% vörugjald. Ljóst sé að samkeppnisaðilar sitji ekki við sama borð. Samkeppnisaðili kæranda í þessu máli mun geta selt sína plasmaskjái á mun lægra verði en kærandi.

Þá segir í kærinni að samkvæmt skýringum Alþjóðatollatollastofnunarinnar (WCO) við túlkunarreglur tollskrár beri fyrst að líta til orðalags vöruliða og athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla þegar komi að tollflokkun vöru. Túlkunarreglum sem á eftir komi verði aðeins beitt að þær brjóti ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda. Þær túlkunarreglur eru til nánari leiðbeiningar um tollflokkunina þegar 1. reglu sleppi. Af túlkunarreglu 2a leiði að vörur sem flokkast í ólíka vöruliði, á grundvelli 1. túlkunarreglunnar, þegar þær eru virtar einar sér, verði aðeins flokkaðar saman í vörulið ef skilyrði þeirrar reglu séu uppfyllt.

Í 2. málsli. túlkunarreglu 2a segir að þegar talað sé um tiltekna vörur í vörulið taki það til þessara vara fullgerðra eða heilla þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum. Í skýringum á túlkunarreglunni segir að „vörur sem er framvísað ósamsettum eða sundurteknum“, merki vörur þar sem setja eigi saman hluta, annað hvort með festingum (skrúfum, boltum, róm o.s.frv.) eða með því að hnoða saman eða logsjóða svo dæmi sé tekið að því tilskildu að einungis sé um aðgerðir til samsetningar að ræða. Ekkert tillit sé tekið til þess hversu flókin samsetningaraðferðin sé að því er þetta varði. Þó skuli hlutarnir ekki háðir frekari vinnslu til þess að varan geti talist fullgerð.

Sú aðgerð sem kærandi hefur framkvæmt á plasmaskjám þeim sem hann hefur flutt inn til að hann geti selt plasmajónvörp felur í sér hvort tveggja samsetningu og tengingu rafkapla og stillingu hugbúnaðar. Til að byrja með er bakhlið plasmaskjásins skrúfuð laus. Eftir það sé tunernum (móttakaranum) komið fyrir inn í skjánum og þar sé hann tengdur við móðurborð sjónvarpsins með kapli. Í einhverjum tilfellum hefur þurft að lóða saman kapal við móðurborð tækisins eftir að honum var stungið í tunerinn. Því næst var tekið sett saman að nýju og það ræst og stillingar yfirfarnar gagnvart landsvæði. Við verulegan hluta tækja þurfti að endurnýja hugbúnað tækjanna til að full virkni fengist fram, sér í lagi öll þau tæki sem hægt var að nýta möguleikann „mynd í mynd“. Sé það gert með því að tengja fartölvu með nýjum hugbúnaði við plasmaskjáinn sem síðan sé uppfærður með sértílgörðum uppfærsluhugbúnaði. Þegar upp komu vandkvæði við stillingar í tækjum án „mynd í mynd“ möguleika, hafi hugbúnaður einnig verið uppfærður til að tryggja fulla og eðlilega virkni tækisins. Með hliðsjón af framansögðu verði að telja að aðgerðin, að gera plasmaskjá að sjónvarpi, sé viðameiri en skýringar Alþjóðatollastofnunarinnar gefi til kynna og af því verði ráðið að tuner (móttakarinn) og plasmaskjáir séu hvor um sig einstök vara þótt þeir hafi í einhverjum tilvikum verið fluttir inn í sömu sendingu.

Þá segir að með kærinni fylgi yfirlýsing frá framleiðanda tækjanna “Medion” um að plasmaskjárnir geti ekki numið sjónvarpsmerki.

Þar sem kærandi telur að túlkunarregla 2a eigi ekki við um ofangreindar sendingar þá telur kærandi að túlkunarregla 6 eigi við um umræddar sendingar. Kærandi telur að litaskjárnir skuli flokkast í tollskrárnúmer 8528.2101 sem er samkvæmt tollskrá: Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpstæki eða hljóð – eða myndbandsupptökutæki eða – flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors): Myndskjái – Fyrir lit: -- Skjái (videomonitors) gerðir fyrir 15Mhz bandvidd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar. Í túlkunarreglu 6 segir að jafnsettir undirliðir skuli bornir saman og að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði. Undirliðir 8528.1209 og 8528.2101 séu jafnsettir og skulu því

bornir saman. Plasmaskjárnir sem kærandi flutti inn í umræddum sendingum séu eingöngu myndskjái og með því sé átt við að ekki fylgi skjánum viðtæki fyrir útvarpstíðni en sá áskilnaður er gerður í undirlíð 8528.1209 en ekki í undirlíð 8528.2101. Samkvæmt upplýsingum frá Medion framleiðanda plasmaskjána, séu plasmaskjárnir gerðir fyrir 15Mhz bandvidd eða meira bæði sem myndskjái (videomonitors) og sem tölvuskjái (PC monitors). Sem myndskjái geti plasmaskjárnir tekið á móti "video signals" í gegnum "video inputs" eins og YPbPr, CVBS og S-Video með bandvidd sem sé meiri en 30Mhz. Plasmaskjárnir séu tengjanlegir við gagnavinnsluvélar og einnig við „multimedia devices“, tölvur og fartölvur. Plasmaskjárnir falli því alfarið í undirlíð 8528.2101 því þeir séu gerðir fyrir 15Mhz bandvidd eða meira, séu án viðtækja fyrir útvarpstíðni og sé unnt að tengja við gagnavinnsluvélar.

Kærandi telur því að skjárnir skuli flokkast í tollskrárnúmer 8528.2101 enda falli þeir að öllu leyti undir þá vörulýsingu.

Þá segir í kærinni að kærandi selji hvort tveggja plasmaskjá og plasmajónvörp. Ef kaupandi óski eftir að kaupa plasmaskjá sem hann ætli síðan að nota sem tölvuskjá þá sé það auðsótt mál. Algengt sé að sjá plasmaskjá í bönkum, á hótelum, í fundarsölum og á fleiri stöðum þar sem þeir þjóni einungis hlutverki skjásins. Plasmaskjárnir séu sambærilegir við flatskjái, sem notaðir séu við tölvur. Þeir séu þá í hlutverki tölvuskjás. Sem dæmi megi nefna að í anddyri sumra hótela hefur verið komið fyrir plasmaskjá sem notaður sé fyrir auglýsingu um hótelið. Væntanlega sé hann þar tengdur við tölvu sem rúllar sömu auglýsingunni í gegn aftur og aftur. Einnig sé þekkt að þjónustuaðilar s.s. bankar hafi nýtt sér plasmaskjá, þar sem í gegn rennur gengi dagsins og fleiri upplýsingar frá bankanum. Ekki verði betur séð en að við þessi skilyrði þjóni skjárinn hlutverki tölvuskjás. Ef tollstjóri heldur til streitu tollflokkingu sinni á plasmaskjáninum í tollflokk 8528.1209 verði ekki betur séð en að í slíkum tilvikum sé um ofálögur gjalda að ræða. Kærandi veit ekki alltaf fyrirfram hvaða vöru kaupandinn óskar eftir að kaupa.

Kærandi tekur fram að umbjóðandi sinn hafi verið heiðarlegur og gefið upp nákvæmlega hvaða vöru hann sé að flytja inn hverju sinni líkt og lög geri ráð fyrir. Á þeim markaði sem kærandi starfi er afar hörð samkeppni og mikið verðstríð. Ef einhverjir samkeppnisaðilar kæranda hafi náð forskoti af því að þeir hafi ekki flutt inn tunera (móttakara) og plasmaskjá í sömu sendingu, sbr. túlkunarreglu 2a, heldur í sitt hvorri sendingunni en að mestu leyti þó sama magnið leiði það bara til þess að það verður sú framkvæmd sem verður ofan á við innflutning þessara tækja. Farið verður á svig við túlkunarreglu 2a með því móti. Að öðrum kosti sitja samkeppnisaðilar ekki við sama borð þegar kemur að álagningu opinberra gjalda sem hefur aftur áhrif á verðið til neytandans.

Með vísan til ofangreinds er farið fram á að tollstjóri falli frá fyrirhugaðri endurákvörðun og samþykki að plasmaskjárnir flokkist í tollskrárnúmer 8528.2101.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 21. nóvember 2006. Í svari sem barst nefndinni þann 15. desember 2006, segir tollstjóri um þá fullyrðingu kæranda að úrskurður ríkistollanefndar frá 26. júní 2006, þar sem fjallað sé um úrskurð tollstjóra frá 9. desember 2005 í hliðstæðu álitamáli að við meðferð þess máls hjá tollstjóra hafi komið í ljós við nánari athugun að ekki væri með óyggjandi hætti unnt að byggja á fyrirliggjandi gögnunum ákvörðun um tollflokkingu. Þegar svo var komið taldi tollstjóri að í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti bæri að afturkalla úrskurðinn, enda væru til þess skilyrði skv. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Hins vegar hafi það ekki verið ætlunin að með afturkölluninni væri verið að viðurkenna sjónarmið kæranda í málinu. Þess beri hins vegar að geta að í bréfinu, þar sem afturköllun var tilkynnt, hafi þess ekki verið getið hvers vegna embættið komst að þessari niðurstöðu.

Síðan segir í greinargerð tollstjóra að af forsendum í úrskurði ríkistollanefndar verði hins vegar ráðið, að nefndin hafi talið að afturköllunin fæli í sér viðurkenningu á meginkröfu kæranda, sbr. eftirfarandi ummæli nefndarinnar”:

„Með bréfi tollstjóra, dags. 5. maí 2006, er úrskurður tollstjóra um endurákvörðun, dags. 9. desember 2005, afturkallaður (...). Sú skýring er gefin af hálfu tollstjóra að endurmat embættisins á þeim gögnum sem lágu fyrir vegna

ofangreinds úrskurðar hafi leitt til þess að tollstjórinn í Reykjavík hafi tekið ákvörðun um að afturkalla hinn kærða úrskurð, með vísan til 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þar sem þessi nýja afstaða tollstjórans í Reykjavík liggur formlega fyrir telur ríkistollanefnd ljóst að með afturköllun tollstjóra á hinum kærða úrskurði er fallist á aðalkröfu kæranda. Af þeirri ástæðu eru engar forsendur til þess að ríkistollanefnd úrskurði efnislega um málið.”

Tollstjóri tekur ekki undir með kæranda um að hinn kærði úrskurður frá 24. ágúst 2006 sé ósamrýmanlegur nefndum úrskurði ríkistollanefndar.

Tollstjóri mótmælir þessu með hliðsjón af þeirri forsendu sem byggt var á við afturköllunina . Ennfremur telur tollstjóri að hinn kærði úrskurður sé ekki í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga”.

Hvað varðar þá fullyrðingu sem fram kemur hjá kæranda að aðgerðir sem sagðar séu nauðsynlegar til samsetningar skjáana og viðtækjanna séu viðameiri en túlkunarregla tollskrár nr. 2a leyfir telur tollstjóri að þegar um sé að ræða samsetningu tækja sem háð séu tölvubúnaði, hljóti eðlileg samstilling tölvubúnaðar að vera nauðsynlegur og óaðskiljanlegur liður í samsetningunni. Þetta geti tekið til samstillingar tölvubúnaðar, uppfærslu og jafnvel endurnýjunar hugbúnaðar. Að virtum þeim aðgerðum, sem kærandi lýsir við samsetningu tækjanna, telur tollstjóri að þær rúmist innan vébanda túlkunarreglu 2a og að ekkert í skýringum WCO komi í veg fyrir að svo verði talið. Tollstjóri tekur eðlilegt að kærandi leggi fram í málinu óyggjandi gögn frá viðkomandi framleiðanda um að nauðsynlegar samsetningaraðgerðir séu umfram leyfileg mörk samkvæmt túlkunarreglu 2a, máli sínu til stuðnings en það hafi hann ekki gert.

Að lokum segir í greinargerð tollstjóra að það sé grundvallaratriði að tollflokka beri vörusendingu eins og hún komi fyrir við tollafgreiðslu. Ef skilyrði séu til samflokunar, skuli það gert. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er þess krafist að hann verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 15. desember 2006. Nefndinni hefur ekki borist svar frá kæranda.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Þá hefur nefndin aflað sér sérfræðiálits.

Í hinum kærða úrskurði eru aðflutningsgjöld endurákvörðuð af alls 6 sendingum. Um er að ræða skjái og móttökutæki fyrir sjónvarp (tuner). Tollstjóri breytir tollflokkun innflytjanda og samtollar vöruna sem sjónvarp. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og skjáirnir og móttökutækin tollflokkuð sitt í hvoru lagi.

Í málatilbúnaði kæranda vitnar hann til 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þ.e. jafnræðisreglu. Í henni segir m.a. að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis við úrlausn mála sem séu sambærileg í lagalegu tilliti. Í þessu sambandi vitnar kærandi til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 1/2006, dags. 26. júní 2006. Telur kærandi málavexti sambærilega í því máli og í máli því er hann rekur hér fyrir nefndinni. Í nefndu máli var deilt um tollmeðferð á skjám sem fluttir voru inn að sögn kæranda án móttakara fyrir sjónvarp. Tollstjóri breytti tollflokkun skjáanna eins og um væri að ræða sjónvarp og endurávarðaði gjöld á innflytjanda. Fyrir nefndinni gerði kærandi þá aðalkröfu að hin kærða endurákvörðun tollstjóra yrði felld úr gildi. Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar tollstjóra eins og lög kveða á um. Í bréfi til lögmanns innflytjanda tilkynnir tollstjóri eftirfarandi. “Endurmat embættisins á þeim gögnum sem liggja fyrir vegna ofangreinds úrskurðar hefur leitt til þess að það hefur ákveðið, með vísan til 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að afturkalla úrskurðinn sem yður tilkynnist hér með.” Í úrskurði nr. 1/2006 segir m.a. “Þar sem þessi nýja afstaða tollstjórans í Reykjavík liggur formlega fyrir telur ríkistollanefnd ljóst að með afturköllun tollstjóra á hinum kærða úrskurði er fallist á aðalkröfu kæranda. Af þessari ástæðu eru engar forsendur til þess að ríkistollanefnd úrskurði

efnislega um málið". Hvað réði þessari breyttu niðurstöðu tollstjóra var ekki tilgreint. Samkvæmt orðanna hljóðan fellst tollstjóri á aðalkröfu kæranda í málinu, þ.e. að afturkalla fyrri ákvörðun sína. Af þessari nýju afstöðu tollstjóra leiddi að enginn ágreiningur var lengur til staðar milli aðila fyrir ríkistollanefnd. Skoða verður úrskurð ríkistollanefndar í ljósi þess að engin efnisleg umfjöllun fór fram um málið hjá nefndinni, og að ekki var kveðinn upp efnislegur úrskurður í málinu. Ekki er því unnt að fallast á að um fordæmi um tollmeðferð sé að ræða við kæru þá sem hér er til umfjöllunar.

Kærandi heldur því fram einkum með vísan til fyrrgreindrar afturköllunar á úrskurði tollstjóra frá 9. desember 2005 að jafnræðisregla stjórnáslulaga hafi verið brotin á sér. Eins og fram kemur hér að ofan hefur ríkistollanefnd engar forsendur til að meta hvort svo hafi verið þar sem niðurfelling tollstjóra á hinum kærða úrskurði var ekki skýrð efnislega. Því getur nefndin ekki borið saman hvort um sambærileg mál er að ræða.

Nefndarmenn hafa ítrekað reynt að afla upplýsinga um tækin bæði frá kæranda svo og frá framleiðanda vörunnar. Skemmst er frá því að segja að sú viðleitni hefur borið takmarkaðan árangur. Kærandi sendi nefndinni í tölvupósti lýsingu á tækjum frá hinum erlenda seljanda. Í þessum upplýsingum eru tækin nefnd "Stereo LCD-TV with Teletext", þ.e. að þau væru sjónvörp með textavarp. Það gengur hins vegar þvert á það sem kærandi heldur fram í málalíbúnaði sínum, en þar er því haldið fram að um sé að ræða tölvuskjái.

Í sérfræðialiti sem nefndin aflaði sér kemur fram að það sem helst einkenni sjónvarpstæki sé að þau séu búin a.m.k. einu eða fleiri eftirtöldum tengjum fyrir myndmerki:

- Loftnetstengi
- Scart tengi
- S-video tengi
- DVI tengi
- RCA tengi fyrir composite video merki
- RCA tengi fyrir component video merki

Sjónvarpstæki hafi innbyggðan móttakara (tuner) með stöðvaminni.

Sjónvarpstæki séu nær alltaf búin textavarpí.

Sjónvarpstæki vinna á einu eða fleiri eftirtöldum myndkerfum:

- PAL (notað víða í Evrópu)
- SECAM (notað m.a. í Frakklandi)
- NTSC (notað í Bandaríkjunum)

Sjónvarpstækjum fylgja yfirleitt fjarstýringar.

Sjónvarpstæki hafa yfirleitt innbyggða hátalara.

Sjónvarpstæki eru yfirleitt með minni myndupplausn en tölvuskjái.

Enskt heiti flatsjónvarpstækja er LCD-TV eða PLASMA-TV.

Um helstu einkenni tölvuskjáa segir í greinargerðinni að tölvuskjái séu búnir a.m.k. einu eða fleiri eftirtalinna tengja:

- VGA tengi, einnig nefnt HD-15 eða D-sub 15
- DVI tengi
- RCA tengi fyrir composite video merki
- RCA tengi fyrir component video merki

Tölvuskjái eru yfirleitt með meiri myndupplausn en sjónvarpstæki.

Enskt heiti LCD tölvuskjáa er LCD Monitor.

Búnaður Medion skjáanna er samkvæmt upplýsingum framleiðanda sem hér segir:

Tegund	37701W-1549UK	MD30120	MD34698	MD34798	MD41527
Tengi:					
Scart	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ
Loftnet	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ
S-VHS	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ
RCA Composite video	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ
RCA Component video	JÁ	JÁ	NEI	NEI	NEI
VGA	JÁ	NEI	NEI	NEI	JÁ
DVI	NEI	NEI	JÁ	JÁ	JÁ
Textavarp	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ
Tuner	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ
Myndupplausn	Ekki í uppl	640X480	852X480	852X480	1280X720
Enskt heiti	LCD TV	LCD TV	PLASMA TV	PLASMA TV	LCD TV
Myndkerfi	PAL/SECAM og fl.	PAL/SECAM/NTSC	PAL/SECAM/NTSC	PAL/SECAM/NTSC	PAL/SECAM/NTSC

Niðurstaða sérfræðingsins er að skjáina sem hér eru til umfjöllunar megi nota bæði sem sjónvarpsskjái og tölvuskjái. Eitt helsta einkenni sjónvarpstækja sé móttakarinn (tuner), loftnetstengið og scart tengið. Þegar skoðuð er ætlan framleiðandans við framleiðslu vörunnar er ekkert sem bendir til að hægt sé að fá vöruna án móttakarans eða scart tengjanna. Þá eru tækin í öllum tilfellum með textavarp sem er eitt einkenni sjónvarpstækja. Myndupplausn tækjanna er minni, þ.e. hlutfallslega miðað við stærð, en í tölvuskjám. Heiti tækjanna í upplýsingum framleiðanda er í öllum tilfellum LCD TV eða PLASMA TV, sem styður að hér sé um sjónvarpstæki að ræða en ekki tölvuskjái. Medion tækin eru í öllum tilfellum ætluð fyrir myndmerki samkvæmt stöðlunum: PAL, SECAM og NTSC sem eru staðlar fyrir sjónvarpsmerki. Fjarstýring fylgir öllum tækjunum og þau hafa öll innbyggða hátalara. Að teknu tilliti til alls þessa er niðurstaða sérfræðingsins sú að samkvæmt upplýsingum framleiðanda séu Medion skjáirnir sérstaklega hannaðir sem sjónvarpstæki og beri öll einkenni sjónvarpstækja. Ríkistollanefnd er sammála ofangreindum sjónarmiðum og telur í ljósi framanritaðs að flokka beri vöruna sem sjónvörp. Nefndarmenn benda á að enda þótt sjónvarpsmóttakari sé ekki í skjánum við innflutning er ekki sjálfgefið að hann flokkist sem tölvuskjár. Til að svo sé verður tækið að vera byggt af framleiðanda sem slíkt. Það eitt að taka móttakara fyrir sjónvarpsmerki úr sjónvarpi gerir það ekki að tölvuskjá.

Kærandi heldur því fram að ekki sé um sama magn af skjám og móttökum í sendingunum. Nefndarmenn fá ekki annað séð af þeim gögnum sem framvísað hefur verið við nefndina að nákvæmlega sama magn af sjónvarpsmóttökum og skjám sé í sendingunum.

Í málatilbúnaði kæranda kemur fram að nokkurrar aðvinnslu þurfi við til að setja móttakarana í tækin og samstillja þau. Ekki hafa verið lagðar fram tæknilegar upplýsingar frá kæranda eða framleiðanda vörunnar né þeim aðila sem setur móttakaran í tækin og samstillir þau, um að sú aðvinnsla sé þess eðlis að hún sé umfram leyfileg mörk samkvæmt túlkunarreglum tollskrár samanber túlkunarreglu 2a. Það er hins vegar ljóst að við tollflokkun plasmaskjáa í sjónvörp annars vegar og annars konar skjái hins vegar getur þurft að fara fram erfið túlkun á tollflokkun vöru. Vegna örrar tækniþróunar svo og þess að ýmis tæki eru að renna saman og má e.t.v. nota í fjölbættum tilgangi verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Við tollflokkun vörunnar þarf síðan að hafa ákveðnar viðmiðanir í huga s.s. þau atriði sem koma fram í framangreindu sérfræðiáliti. Tollflokkun vöru hlýtur hins vegar ávallt að ráðast af því í hvaða tilgangi varan er framleidd en ekki af því hvort unnt sé að breyta vöru með einhverjum hætti eftir innflutning og nota hana til annarra hluta en upphaflega var gert ráð fyrir

Að teknu tilliti til alls þessa er niðurstaða ríkistollanefndar sú að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé hin innflutta vara hönnuð sem sjónvarpstæki og beri einkenni slíkra tækja og tollflokkið samkvæmt því.

Með vísan til ofanritaðs kveður ríkistollanefnd upp eftirfarandi úrskurð: Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra túlkunarreglna tollskrár nr. 1 og 6 er hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík staðfestur.